



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

Birgir Jónsson
Björn A. Harðarson

BLÖNDUVIRKJUN
JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR
II
BYGGINGAREFNI

OS81019/VOD08

Reykjavík, október 1981



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Birgir Jónsson
Björn A. Harðarson

BLÖNDUVIRKJUN
JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR
II
BYGGINGAREFNI

OS81019/VOD08
Reykjavík, október 1981

ÁGRIP

Umfangsmiklar athuganir á mögulegum byggingarefnum í mannvirki Blöndu-
virkjunar fóru fram á árunum 1973-1979, að undanskildu árinu 1976. Um er
að ræða efni í jarðstíflur (kjarna-, síu-, stoðfyllingar- og grjótvornar-
efni) og fylliefni í steinsteypu. Alls voru tekin 148 sýni, flest með
traktorsgröfu. Prófanir á sýnum (kornagreining, þjöppunar-, lektar-, þrí-
ásapróf og ýmis steypupróf) voru framkvæmdar af Rannsóknastofnun byggingar-
iðnaðarins. Vinnsluprófanir í námum hafa ekki farið fram og þarf því að
taka með nokkrum fyrirvara áætlað magn vinnanlegs efnis á hverjum stað.

Niðurstöður eru í stuttu máli þessar:

Kjarnaefni: Jökulruðningur, nothæfur sem kjarnaefni, er nægilegur í næsta
nágrenni flestra stíflustæða; einnig nýtist væntanlega mikið af jökulruðn-
ingi úr uppgreftri úr skurðum og af yfirfallsstæði sem efni í kjarna.

Síuefni: Næg ármöl í síur er tiltölulega nálægt öllum stíflustæðum, nema
inntakslónsstíflunni við Gilsá. Þar þarf sennilega að ná í síuefni niður
í Blöndudal.

Stoðfylling: Víðast yrði notuð sama ármölin og í síur viðkomandi stíflu.
Á nokkrum stöðum fellur þó væntanlega til nokkurt efni úr nálægum skurðum,
sem yrði nothæft í óflokkaða stoðfyllingu. Þetta á sérstaklega við um
Gilsárstífluna.

Grjótvörn: Basaltklappir heppilegar til náms á stórgrýti fundust á fimm
stöðum á svæðinu og er magn nægilegt, þó flytja verði efnið um nokkurn
veg í sum minni háttar mannvirki.

Steypuefni: Þrjár nothæfar námur fylliefnis í steinsteypu fundust á
virkjunarsvæðinu; a) aurar Blöndu við Sandárhöfða, b) Sandárþúfa og ná-
grenni við bílveg norðan Sandár og c) eyrar Blöndu í Blöndudal. Áætlað
er að nægilegt magn efnis í öllu steypumannvirki virkjunarinnar fyrir-
finnist á þessum stöðum.

Skýrsla þessi er lokaskýrsla um byggingarefni af hálfu Vatnsorkudeildar
Orkustofnunar fyrir verkhönnun Blönduvirkjunar.

EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP	3
EFNISYFIRLIT	5
MYNDASKRÁ	6
TÖFLUSKRÁ	6
1 INNGANGUR	7
2 FRAMKVÆMD EFNISLEITAR	9
3 EINSTÖK MANNVIRKI	11
3.1 Stífla og yfirfall í Blöndu við Reftjarnarbungu	11
3.2 Stífla í Kolkukvísl	12
3.3 Stífla norðan Galtarárflóa	13
3.4 Stífla við Smalatjörn (Fannlækur)	13
3.5 Stífla í Gilsá	14
3.6 Stífla norðan A-Friðmundarvatns	15
3.7 Stífla í Fellaflóa	15
3.8 Jarðgöng og stöðvarhús	16
4 EFNI TIL GRJÓTVARNA	17
4.1 Stífla í Blöndu	17
4.2 Stífla í Kolkukvísl	17
4.3 Stífla í Fannlæk (við Smalatjörn)	18
4.4 Stífla í Gilsá	18
4.5 Stífla norðan A-Friðmundarvatns	18
5 NIÐURSTÖÐUR LEKTAR- OG ÞJÖPPUNARPRÓFA	19
6 NIÐURSTÖÐUR STEYPUPRÓFA	21
7 NIÐURSTÖÐUR ÞRÍÁSAPRÓFA	23
HEIMILDASKRÁ	24
MYNDIR	25
VIÐAUKI I: Sáldurferlar allra sýna (frá 1974, 77, 78 og 79) og þjöppunarferlar sýna frá 1974 (BB-sýni)	43
VIÐAUKI II: Niðurstöður lektar- og þjöppunarprófa á sýnum frá 1979 (BS-sýni) og 1974 (BB-sýni).....	87
VIÐAUKI III: Niðurstöður steypuprófa	93
VIÐAUKI IV: Lýsingar á gryfjum	97

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Yfirlitskort. Staðsetning sérkorta, efnisnáma og sýnatökustaða	27
2 Staðsetningarkort byggingarefnissýna - stíflusvæði Blöndu	29
3 Staðsetningarkort byggingarefnissýna - Sandárbúfa og nágrenni .	30
4 Staðsetningarkort byggingarefnissýna - milli Blöndu og Kolkuk- hóls	31
5 Staðsetningarkort byggingarefnissýna - stíflusvæði Kolkukvíslar	32
6 Staðsetningarkort byggingarefnissýna - stíflusvæði Gilsár	33
7 Staðsetningarkort byggingarefnissýna - Blöndueyrar í Blöndudal .	34
8 Dæmigert þversnið jarðstíflu	35
9 Samanteknir sáldurferlar - fyrir Blöndustíflu	36
10 Samanteknir sáldurferlar - fyrir Kolkukvíslarstíflu	37
11 Samanteknir sáldurferlar - fyrir Galtarárflóastíflu	38
12 Samanteknir sáldurferlar - fyrir stíflu við Smalatjörn	39
13 Samanteknir sáldurferlar - fyrir Gilsárstíflu	40
14 Samanteknir sáldurferlar - fyrir stíflu norðan A-Friðmundar- vatns	41
15 Samanteknir sáldurferlar - fyrir Fellaflóastíflu	42

TÖFLUSKRÁ

1 Blöndustífla við Reftjarnarbungu, byggingarefni	11
2 Stífla við Kolkukvísl og lokuvirki í veituskurði, byggingarefni	12
3 Stífla við Smalatjörn, byggingarefni	13
4 Stífla í Gilsá og inntak, byggingarefni	15
5 Stífla í Fellaflóa, byggingarefni	16
6 Niðurstöður þjöppunar- og lektarprófa á BS-sýnum	20

1 INNGANGUR

Skýrsla þessi er hefti II um jarðfræðirannsóknir vegna áætlaðrar virkjunar Blöndu og fjallar um athuganir á hugsanlegum byggingarefnum. Í hefti I er gerð grein fyrir jarðfræðilegum, jarðeðlisfræðilegum og ýmsum jarðtækni-
legum undirbúningsrannsóknum fyrir virkjunina.

Á undanförnum árum hafa farið fram yfirgripsmiklar athuganir á mögulegum notum jarðefna í mannvirki Blönduvirkjunar. Er hér aðallega um að ræða efni í jarðstíflur (kjarna, síur, stoðfyllingu og grjótvörn, sjá mynd 8) og fylliefni í steinsteypu (steypumöl). Í jarðstíflurnar hefur verið áætlað að nota jökulruðning (mórenu) í kjarna og ármöl með valinni kornastarð sem síu báðum megin við kjarnann. Óvalin ármöl yrði síðan að mestu notuð sem stoðfylling, og stórgrýti í vörn utan á stoðfyllinguna, sérstaklega vatnsmegin í stíflunni. Á mynd 8 sést þverskurður í gegnum dæmigerða jarðstíflu.

Mikill hluti virkjunarsvæðisins er þakinn jökulruðningi og því yfirleitt nóg af honum nálægt öllum stíflustæðum (sjá þó fyrirvara um stíflu í Kolkukvísl). Einnig fellur til mikið af jökulruðningi úr skurðum og yfirfallsstæðum.

Ármöl, heppileg í síur finnst í miklu magni á aurum Blöndu á móts við Sand-
árhöfða, nokkurt magn af möl nothæft í síur er einnig í malarás nálægt Kjal-
vegi norðan Sandár ("Sandárbúfu"). Í malarhjöllum suður með Sandá (sunnan Sandárbúðar) er einnig nothæft síuefni. Í farvegi Fannlækjar finnst enn-
fremur nægt síuefni í stíflu þar nálægt. Í stíflu í Gilsá við inntakslónið er gert ráð fyrir að nota möl úr Blöndudal sem síuefni.

Sem stoðfyllingu er hægt að nota allt það efni sem minnst var á sem síu-
efni auk ýmis konar efnis sem til fellur við uppgröft og sprengingar úr
skurðum, t.d. sprengt grjót o.fl.

Ef til vill er hægt að nota eitthvað af grjótinu sem sprengt er úr skurðum
í vörn vatnsmegin á stíflurnar. Meginhluti grjótsins fæst þó á völdum
stöðum þar sem helst er von um að fá sterkt og heillegt stórgrýti með
sprengingum.

Áætlað er að taka steypuefni á aurum Blöndu suðaustan Sandárhöfða, og e.t.v. úr Sandárbúfu í þá steypu sem til þarf sunnan Friðmundarvatns. Í steypu við inntakslón, aðrennslisskurð, jarðgöng og stöðvarhús er gert ráð fyrir steypuefni úr Blöndudal.

Allar prófanir á sýnum hafa farið fram hjá Rannsóknastofnun byggingar-
iðnaðarins (1975, 1980a og 1980b). Öll sýni hafa verið kornastærða-
greind og eru niðurstöður allra kornagreininganna sýndar í viðauka I.

Starfsmenn Orkustofnunar og Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen h.f. völdu síðan sýni og sýnablöndur til frekari prófana, þ.e. þríása-, þjöppunar- og lektarprófa á jökulruðningi og eru niðurstöður þessara prófa sýndar í viðauka II, nema þjöppunarpróf einstakra sýna frá 1974, sem sýnd eru í viðauka I hjá kornagreiningum viðkomandi sýna. Einnig voru gerðar ýmsar prófanir á steypumöl, svo sem berggreining og frostþolspróf. Brotstyrkspróf og þenslupróf vegna hugsanlegrar alkalívirgni voru gerð á steypu-
strendingum. Niðurstöður þessara prófa eru sýndar í viðauka III.

Mynd 1 er yfirlitskort, sem sýnir tökustaði byggingarefnissýna, helstu efnisnámur o.fl., en myndir 2-7 eru nákvæmari kort af einstökum svæðum.

Ath. Vinnsluprófanir í námum hafa ekki farið fram og þarf því að taka með nokkrum fyrirvara áætlað magn vinnanlegs efnis á hverjum stað. Þessar prófanir þurfa að fara fram sem fyrst.

2 EFNISLEIT

1973

Yfirlitsjarðfræðiathuganir fóru fram á vegum Orkustofnunar 1973 (Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson 1973). Voru þær einkum fólgnar í berggrunnskortlagningu í Blöndudal og Gilsárgili, en einnig var gert lauslegt jarðgrunnskort af Auðkúluheiði.

1974

Sumarið 1974 (BJ)^{*)} hófst skipuleg efnisleit vegna ráðgerðrar virkjunar Blöndu. Það sumar voru tekin alls 37 sýni (BB-1 til BB-32 og BA-1 til BA-5) og send til frekari rannsókna á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Sýni voru tekin á álitlegum stöðum beggja megin ár, allt frá mótum Svartár og Blöndu suður að Blönduvöðum. Um niðurstöður athugana á þessum sýnum er fjallað nokkuð í skýrslum Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen og Orkustofnunar, "Virkjun Blöndu I. Frumáætlun um 135 MW virkjun" (maí 1975) og "Virkjun Blöndu III. Byggingarefnisrannsóknir á árunum 1974-1975" (apríl 1976). Til að fá betri hugmynd um efnisnámur, var sýnatöku haldið áfram sumrin 1977, 1978 og 1979.

1977

Sumarið 1977 (BAH, BJ) voru tekin 36 sýni (BG-4 til BG-60) víða á svæðinu og þau send til rannsókna.

1978

Sumarið 1978 (SZ, ÁG) voru tekin 12 sýni, öll frá ráðgerðu stíflustæði við Gilsá (GB-1 til GB-12). Á þessu sumri var einnig gert jarðgrunnskort af lónstæði Blönduvirkjunar, þar sem fram koma laus jarðlög á því svæði (Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson 1980).

1979

Enn var þessum athugunum haldið áfram sumarið 1979 (BJ, SZ) en þá voru tekin 63 sýni (BS-1 til BS-66) víðs vegar á svæðinu. 1979 var enn fremur gerð könnun á hugsanlegum grjótnámssvæðum (BAH). Alls hafa því verið tekin 148 sýni.

*) Umsjónarmenn efnisleitar: BJ, Birgir Jónsson; BAH, Björn A. Harðarson; SZ, Snorri Zóphóniasson; ÁG, Ágúst Guðmundsson.

Sýnin voru flest tekin á þann hátt að traktorsgrafa gróf gryfju eins djúpa og hægt var með góðu móti og sýni tekið ef tilefni gafst til. Lýsingar á öllum gryfjum eru í viðauka IV og staðsetningar þeirra eru sýndar á myndum 1 til 7.

Þetta ár kom einnig út framvinduskýrsla um jarðfræðirannsóknir vegna Blönduvirkjunar á árunum 1974-1978 (Ágúst Guðmundsson & Birgir Jónsson 1979).

3 EINSTÖK MANNVIRKI

3.1 Stífla og yfirfall í Blöndu við Reftjarnarbungu

Á mynd 9 sést meðalsáldurferill 24 sýna úr jökulruðningi á stíflustæðinu og úr nágrenni þess. Allt virðist þetta vel nothæft efni í kjarna. Af væntanlegu yfirfallsstæði á hæðinni milli Lambasteinsdrags og Blöndu (sjá myndir 1 og 2) þarf að fjarlægja mikið af lausum og hálfssamlímdum jökulruðningi sem væntanlega nægir í kjarna stíflunnar. Á mynd 9 sést einnig að mól af Blönduaurum við Sandárhöfða og úr Sandárbúfu og nágrenni hæfir vel sem sía fyrir áður nefndan jökulruðning (sjá staðsetningu sýna á myndum 1, 2 og 3). Í stoðfyllingu yrði sennilega að mestu leyti notuð mól af sömu svæðum og síuefnið auk annars efnis sem til félli, svo sem afgangsgrjót úr sprengingum o.fl. Möguleg grjótnámssvæði eru merkt inn á myndir 2 og 3. Engar vinnsluþrófanir í námum hafa enn farið fram.

TAFLA 1

Blöndustífla við Reftjarnarbungu, byggingarefni*

Tegund efnis	Þörf í þús. m ³	Efnisnámur
Kjarnaefni	um 190	Gnægð í næsta nágrenni.
Síuefni	um 150	Sennilega 1-1,5 milljón m ³ af mól á Blönduaurum og við Sandárbúfu.
Stoðfylling	um 620	
Steypuefni	um 5	Blönduaurar.
Grjótvarnir	um 170	Á A- og V-bakka Blöndu, 1-1,5 km frá stíflustæði.

Eins og sést á ofangreindri töflu virðist efnisþörf vera vel fullnægt fyrir þessa stíflu. Síu- og steypuefni fyrir stíflu við Kolkukvísl þarf að taka á þessum sömu stöðum, og e.t.v. eitthvað af stoðfyllingarefni. Mikið af samlímdu jökulbergi fellur til úr veituskurði frá miðlunarlóni niður í Þrístiklu og má e.t.v. nota það efni í hluta stoðfyllingar stíflunnar í Kolkukvísl.

* Varðandi efnismagn, sjá: Verkfræðistofa Sig. Thoroddsen h.f. 1982.

3.2 Stífla í Kolkukvísl

Á mynd 10 sést meðalferill 13 sýna úr jökulruðningi í nágrenni stíflu-
stæðisins. Þarna er um að ræða svipað kjarnaefni og við stífluna í Blöndu.
Úr væntanlegum veituskurði úr miðlunarlóni niður um Þrístiklu má gera ráð
fyrir að fá allt að 150 þús. m³ af lausum eða hálfssamlímdum jökulruðningi,
sem væri meira en nóg fyrir stífluna. Ef þetta efni er ekki nýtilegt
getur þurft að vinna 1-5 m þykkt lag af hæðunum í nágrenni stíflunnar
til þess að fá nægilegt efni (sjá staðsetningu sýnanna 13 á mynd 5).

Síuefni fæst af Blönduaurum eða Sandárbúfu (myndir 1 og 3) og sama er að
segja um steypuefni. Í stoðfyllingu má sennilega nota hluta af efni því
sem kemur upp úr veituskurðinum, a.m.k. sprengda basaltið. Hluti af sam-
límda jökulberginu ætti einnig að vera hæft í óflokkaða stoðfyllingu.
Ef fara þarf mjög langt til suðurs á Blönduaurum til þess að fá nægilegt
magn af mól í báðar stíflurnar, þá mætti e.t.v. nota þetta jökulberg úr
veituskurðinum í hluta af stoðfyllingu í stífluna við Reftjarnabungu
einnig. Vænlegt efni í grjótvörn á stífluna við Kolkuhól er um 300 m
vestan við stíflustæðið (sjá mynd 5).

TAFLA 2

Stífla í Kolkukvísl og lokuvirki í veituskurði, byggingarefni

Tegund efnis	Þörf í þús. m ³	Efnisnámur
Kjarnaefni	um 60	Að mestu úr veituskurði, eða námum í nágrenninu.
Síuefni	um 80	Blönduaurar og við Sandárbúfu.
Stoðfylling	um 140	Blönduaurar og e.t.v. úr veituskurði.
Steypuefni	um 1,7	Blönduaurar.
Grjótvörnir	um 70	Við Kolkukvísl, 300 m frá stíflustæði.

Efnisþörf fyrir þessa stíflu virðist nokkurn veginn vera fullnægt þótt
sækja þurfi síu- og steypuefni a.m.k. 4 km (Blönduaurar og/eða Sandár-
þúfa).

Varasamt gæti orðið að nota síuefnið úr Sandárþúfu í stoðfyllingu vegna takmarkaðs magns sem þar er að finna.

3.3 Stífla norðan Galtarárflóa

Með stíflu við Reftjarnarbungu og 400 Gl miðlun og vatnsborði í 478 m y.s. ("tilhögun 1") er ekki þörf á stíflu á þessum stað.

Aðeins eitt sýni var tekið á þessu svæði (BG-50, jökulruðningur, sjá mynd 1) og á mynd 11 er sáldurferill þess sýndur ásamt Blönduaurasýnum.

Kjarnaefni svipað BG-50 má vafalaust vinna í nágrenni stíflunnar og nota það ásamt síuefni frá Blönduaurum. Í stoðfyllingu mætti nota gróft efni af Blönduaurum og/eða efni sem til fellur við stíflugerðina.

Grjótvarnarefni (laust grjót) er fánlegt á austurbakka Blöndu gegnt ármótum við Sandá (sjá staðsetningu á mynd 3).

3.4 Stífla við Smalatjörn (Fannlækur)

Í þessa stíflu virðist efnisþörf vera fullnægt. Nægilegt magn af jökulruðningi í kjarna er á svæðinu rétt norðan Smalatjarnar og af síuefni er einnig nóg í farvegi Fannlækjar. Mynd 12 sýnir sáldurferla þessara efna (sjá staðsetningu sýna á mynd 1). Í stoðfyllingu mætti e.t.v. nota skolaðan jökulruðning úr Fannlækjarfarvegi og efni sem til félli við uppgröft við gerð stíflu og yfirfalls. Lítið er um heppilegt grjót í nágrenni stíflunnar en þó mætti nýta grjótdreif sem er í farvegi Fannlækjar. Það grjót sem uppá vantar er hægt að taka úr grjótnámi vegna Blöndustíflu eða stíflunnar á Kolkukvísl.

TAFLA 3

Stífla við Smalatjörn, byggingarefni

Tegund efnis	Þörf í þús. m ³	Efnisnámur
Kjarnaefni	um 6	Svæðið í nágrenni stíflu og úr veituskurði.
Síuefni	um 8	Farvegur Fannlækjar a.m.k. 20 þús. m ³ .
Stoðfylling	um 12	Farvegur Fannlækjar, óvíst hvort það sé nægilegt.
Grjótvörn	um 4	Grjótdreif í Fannlæk og stíflusvæði Blöndu.

Athuga þyrfti betur útbreiðslu efnisins í farvegi Fannlækjar. Líkur eru á að Fannlækjarefnið verði notað í vegagerð um svæðið. E.t.v. verður að takmarka notkun efnisins í vegi.

3.5 Stífla í Gilsá

Þessi stífla verður nokkuð stór og þarf því allmikið af efni. Kjarnaefni fæst á sjálfu stíflusvæðinu og í nágrenni þess. Sáldurferill tólf sýna er sýndur á mynd 13 og staðsetning allra sýna á stíflu- og skurðstæðinu við Gilsá er sýnd á mynd 6. Töluvert af jökulruðningi fellur til við gröftinn á aðrennslisskurði og er hugsanlegt að nota það einnig í kjarna.

Töluvert af góðu kjarnaefni er ennfremur í Heygarðaási (BB-24 og -26, sjá mynd 6).

Gott síuefni er ekki til staðar í nágrenni stíflunnar. Sennilega verður að ná í það niður á Blöndueyrar á móts við Löngumýri eða e.t.v. af eyrunum næst væntanlegum gangamunna (BS-63 mynd 1).

Sáldurferlar efnis af þessum eyrum eru sýndir á mynd 13 og sýnatökustaðir á mynd 7. Sennilega er óunnin mölin í þessum eyrum heldur gróf sem síuefni fyrir kjarna úr ofangreindum jökulruðningi (mynd 13).

Hluta af uppmokstri úr aðrennslisskurði má líklega nota sem stoðfyllingar-efni. Þá er reiknað með að nýta sem mest af sprengdu grjóti úr jarðgöngum í stoðfyllingu. Mögulegt er að nota skolaðan jökulruðning af Eiðsstaðabungu (svæði kringum GB-11, sjá mynd 6) og/eða grófa möl af eyrum Blöndu skammt sunnan ármóta við Gilsá (í nágrenni BS-63, sjá mynd 1).

Steypuefni (í botnrás og yfirfall stíflunnar, inntak í skurð, yfirfall í skurði, stöðvarinntak og fallgöng) verður að ná í niður á Blöndueyrar (svæði BS-60, -61, -62 og -63, sjá mynd 7 og 1).

Álitlegar klappir rétt austan stíflustæðisins mætti sprengja í grjótvarnir (sjá staðsetningu á mynd 6).

TAFLA 4

Stífla í Gilsá og inntak, byggingarefni

Tegund efnis	Þörf í þús. m ³	Efnisnámur
Kjarnaefni	um 150	Jökulruðningur í nágrenni stíflusvæðis.
Síuefni	um 140	Blöndueyrar.
Stoðfylling	um 390	Sprengt grjót úr jarðgöngum. Skolaður jökulruðningur af Eiðsstaðabungu og/eða mól af Blöndueyrum og/eða efni úr aðrennslisskurði.
Steypuefni	um 5	Eyrar Blöndu í Blöndudal.
Grjótvörn	um 50	Klappir á Eiðsstaðabungu.

3.6 Stífla norðan A-Friðmundarvatns

Ath. Ekki er gert ráð fyrir byggingu þessarar stíflu nema ef síðar meir yrði virkjað um 25 m fall úr A-Friðmundarvatni niður í inntakslón.

Vinna má kjarnaefni í þessa stíflu úr jökulruðningi á svæðinu norðan vatnsins. Síuefni er ekkert í nágrenninu og þarf því að sækja það að Fannlæk eða suður á Blönduaura. Sáldurferlar þessara efna eru sýndir á mynd 14 og sýnatökustaðir á mynd 1.

Í stoðfyllingu má e.t.v. nota efni sem ýta þarf úr undirstöðu stíflunnar, sendinn jökulruðningur úr nágrenninu, eða efni sem flutt er lengra að, t.d. úrkast úr grjótnámi á Eiðsstaðabungu. Efni í grjótvörn er ekki til staðar í nágrenninu en klappir á Eldjárnsstaðabungu (sjá grein 4.5) eru heppilegar til grjótnáms.

3.7 Stífla í Fellaflóa

Við 400 Gl miðlun við Reftjarnarbungu og vatnsborð í 478 m y.s. þarf ekki að reisa eiginlega stíflu sunnan Áfangafells, en gera þarf a.m.k. vegfyllingu yfir mýrina vegna Kjalvegjar. Sem kjarnaefni í þessa stíflu kemur helst til greina jökulruðningur af svæði skammt sunnan við beitarhólfið í flóanum (sjá mynd 1). Einnig fannst gott kjarnaefni sunnan

Áfangafellshala (BG-42) (mynd 1). Óvíst er um magn nothæfs efnis á þessum svæðum. Mikið er af síu- og stoðfyllingarefnum austan beitarhólfsins í malarhjöllum meðfram Sandá. Sáldurferlar af þessum kjarna- og síuefnum eru sýndir á mynd 15 og sýnatökustaðir á mynd 1.

Efni í grjótvarnir þarf sennilega að flytja að.

3.8 Jarðgöng og stöðvarhús

Gert er ráð fyrir að heildarmagn steypu í þessi mannvirki verði rúmlega 11 þús. m³. Fylliefni í þessa steypu yrði tekið á eyrum Blöndu í Blöndudal.

Ath. Í þessum kafla hefur verið bent á líklegustu jarðefnanámur fyrir einstök mannvirki Blönduvirkjunar, en þar sem engar vinnsluprófanir hafa enn farið fram, þá verður að taka með nokkrum fyrirvara áætlað magn af nothæfu efni á hverjum stað.

4 EFNI TIL GRJÓTVARNA

Samkvæmt fyrirhugaðri virkjunartilhögun Blöndu þarf umtalsvert magn af grjótvarnarefni í þrjár jarðstíflur. Þær eru; stífla í Blöndu við Reftjarnarbungu, stífla í Kolkukvísl við Kolkuhól og stífla í Gilsá. Einnig er hér fjallað um stíflu norðan A-Friðmundarvatns sem sennilega verður gerð ef fallið þaðan niður í inntakslónið við Gilsá verður virkjað. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þeim svæðum sem helst koma til greina í sambandi við vinnslu efnis í grjótvarnir stíflnanna.

4.1 Stífla í Blöndu

Svæði 1. Klettur í vesturbakka Blöndu um 500 m norðan borholu BV-07 (sjá staðsetningu á mynd 2). Þarna er um að ræða grágrýtislag (kvartert þóleið basalt) sem myndar 4-6 m háan, lóðréttan árbakkann á allstóru svæði. Grágrýtið er fersklegt en allmikið sprungið og mun sennilega gefa mest af grjóti 30-60 cm í þvermál. Ofan á grágrýtislaginu er víðast 1-2 m þykkur jarðvegur. Mikið grjót má nema á þessu svæði og fjarlægð frá stíflustæði aðeins um 1 km.

Svæði 2. Eyrar Blöndu, að austanverðu, gegnt ármótum við Sandá (sjá mynd 3). Þar er allmikið af lausu grjóti, 30-90 cm í þvermál. Fjarlægð frá stíflustæði er um 2 km. Helstu ókostir þessa svæðis eru þeir, að þarna er um grjót dreif að ræða en þær eru oft tiltölulega dýrar í vinnslu. Ennfremur er stór hluti þessa grjóts ávalur en slíkt grjót hefur mun minni stæðni og binst verr í grjótverni en sprengt grjót.

4.2 Stífla í Kolkukvísl

Svæði 3. Um 300 m vestan við Kolkuhólshúsið, niður með Kolkukvísl að norðanverðu, eru nokkuð víðáttumiklar klappir úr fersklegu basalti (kvartert þóleið). Ef hreinsað væri frá hraunkantinum fengist líklega 3-5 m hátt stál. Magn er sennilega nægilegt og fjarlægð frá stíflustæði er aðeins 2-300 m en stíflan er yfir 1,5 km að lengd (sjá staðsetningu á mynd 5). Á þessu svæði er töluvert af lausu grjóti en stór hluti þess er of stórt.

4.3 Stífla í Fannlæk (við Smalatjörn)

Svæði 4. Í farvegi Fannlækjar, austan Kjalvegur, er nokkuð af lausu og fersku grjóti (sjá mynd 1). Grjótið er sennilega of smátt og magn er að líkum ekki nægilegt. Fjarlægð frá stíflustæði er 5-700 m. Ekki eru aðrir fýsilegir efnistöku staðir í næsta nágrenni stíflustæðisins.

4.4 Stífla í Gilsá

Svæði 5. Klapparholt til grjótnáms eru á sunnanverðri Eiðsstaðabungu um 200 m austan Kjalvegur á móts við afleggjarann út að Gilsá (sjá mynd 6). Þarna eru tvö klapparholt sem standa 3-5 m upp úr mounum umhverfis. Bergið er ferskt grágrýti (kvertert þóleiít), allmikið sprungið en líklega er þó unnt að vinna nægilega stórt grjót þarna. Magn er nægilegt og vinnsluástaða góð. Hreinsa þarf frá hraunkantinum að framan og e.t.v. eitthvað að ofan. Vegalengd frá stíflustæði er um 1 km.

Svæði 6. Á vestanverðri Eldjárnsstaðabungu er lágt klapparholt sem Kjalvegur liggur meðfram (sjá mynd 1). Ofan á og utan í þessu bergþrepi er mikið af lausu grjóti, sem vafalaust væri hægt að nýta. Þvermál steina er 20-40 cm. Bergið er ferskt grágrýti.

Einnig kemur til greina að vinna grágrýtislagið sjálfst með sprengingum. Vegalengd frá stíflustæði er um 1,5-2,0 km.

4.5 Stífla norðan A-Friðmundarvatns

Í næsta nágrenni stíflustæðisins er enginn ákjósanlegur staður til efnistöku nema klettabeltið í Arnarhöfða. Sá staður kemur tæpast til greina vegna náttúruverndar.

Austan Kjalvegur, gegnt veiðihúsinu við A-Friðmundarvatn, er lítið klapparholt. Vegna smæðar kemur þessi staður vart til greina.

Svæði 7. Í suðurenda Eldjárnsstaðabungu, austan Kjalvegur, eru víðáttumiklar klappir úr fersklegu grágrýti, sem líklega má nýta til grjótnáms. Vegalengd frá stíflustæði er um 6,5 km.

5 NIÐURSTÖÐUR LEKTAR- OG ÞJÖPPUNARPRÓFA

Árið 1975 voru gerð nokkur þjöppunar- og lektarpróf á sýnum teknum sumarið 1974 (BA- og BB-sýni). Niðurstöður þessara prófa eru birtar í skýrslum Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen, "Virkjun Blöndu" I og III, OS-ROD-7521 og -7627.

Þjöppunarferlar 14 BB-sýna eru sýndir í viðauka I ásamt viðeigandi sáldurferlum. Öll þessi sýni eru úr jökulruðningi og hæsta rúmþyngd sýnanna við Proctor Standard þjöppun er frá $1,80 \text{ t/m}^3$ upp í $2,22 \text{ t/m}^3$ og fæst við rakastig (W_{opt}) 9% til 20%.

Í fyrrnefndum skýrslum kemur m.a. fram að blanda af sýnum frá Kolkukvíslarstíflustæðinu (sýni BB-9, -10 og -13, sjá mynd 5) gaf hæstu þurru rúmþyngd $2,16 \text{ t/m}^3$ við 11,9% þjöppunarrakastig. Lægsti lektarstuðull þessarar blöndu mældist um $1 \times 10^{-6} \text{ cm/s}$ við 12,8% þjöppunarrakastig. Þessar niðurstöður benda til þess að jökulruðningurinn sé vel nothæfur í kjarna stíflunnar.

Einnig kemur fram í fyrri skýrslunni að blanda sýna BB-11 og -12, sem eru tekin örskammt frá fyrrnefndum sýnum (sjá mynd 5), séu ónothæf sem kjarnaefni vegna of mikillar lektar. Þetta svæði er hugsað sem aðal kjarnaefnisnáman fyrir stífluna í Kolkukvísl og greinilegt er að eftirlit með vinnslunni verður að vera strangt. Lítið virðist um grjót í jökulruðningnum.

Níu þjöppunarpróf og átján lektarpróf voru gerð á blöndu sýna teknum 1979 (BS-sýni). Rúmþyngdir við Proctor Standard þjöppun voru ákvarðaðar á hverri blöndu við þrjú mismunandi rakastig og lektin síðan mæld við rúmþyngdir tilsvareandi tveimur þessara rakastiga (þ.e. tvö lektarpróf voru gerð fyrir hverja sýnablöndu).

Þar sem lekt hvers sýnis, eða sýnablöndu var aðeins ákveðin við tvö rúmþyngdargildi er ekki hægt að draga upp marktæka lektarferla. Ennfremur er ekki unnt að sjá vel hversu krappir lektarferlarnir eru. Athuganir á þessum niðurstöðum benda þó til þess að lektarferlarnir séu ekki mjög krappir, þ.e. að dálítil frávik í rakastigi við þjöppun valdi ekki mjög aukinni lekt.

Niðurstöður þessara prófana eru sýndar í viðauka II og staðsetning sýna á myndum 1-7. Öll sýnin voru af jökulruðningi og þau sýni sem blandað var saman höfðu mjög líka sáldurferla. Í eftirfarandi töflu eru niðurstöður dregnar saman.

TAFLA 6

Niðurstöður þjöppunar- og lektarprófa á BS-sýnum

Nr. sýna	Staðsetn. og hugsanleg notkun	Hæsta mæld þurr rúm- ³ þyngd t/m ³	W _{opt} %	Lekt við hæstu mældu rúmþyngd cm/s
BS-10, -11, -12, -13	NA Kolkuhóls (mynd 5) kjarnaefni í Kolkukvíslarstíflu	2,06	14,8	5,14 x 10 ⁻⁶
BS-17	Stíflusvæði Blöndu (mynd 2) kjarni í Blöndustíflu	1,95	16,4	4,0 x 10 ⁻⁶
BS-22	- " -	2,16	10,3	7,5 x 10 ⁻⁷
BS-24, -25	- " -	2,27	9,8	1,0 x 10 ⁻⁶
BS-27	- " -	2,19	10,5	7,4 x 10 ⁻⁷
BS-33, -34	- " -	2,15	11,4	2,2 x 10 ⁻⁶
BS-38, -39	Milli Blöndu og Kolkuhóls (mynd 4) kjarnaefni í Blöndueða Kolkuhólsstíflu	2,16	11,4	3,1 x 10 ⁻⁷
BS-51	Norðan A-Friðmundarvatns kjarnaefni í stíflu (mynd 1)	1,89	17,3	1,8 x 10 ⁻⁵
BS-57, -59, -65, -66	Stíflusvæði Gilsár (myndir 1 og 6), stíflukjarni	2,07	14,8	2,9 x 10 ⁻⁶

Af þessari töflu virðist ljóst að séu sýnin marktæk, eru efnin hæf til notkunar í stíflukjarna að því er lekt viðkemur.

6. NIÐURSTÖÐUR STEYPUFRÓFA

Árið 1975 voru gerðar athuganir (kornastærða- og berggreining) á nokkrum sýnum teknum á svæðum sem þóttu álitleg til náms á steypuefni.

Á Blöndueyrum í Blöndudal voru tekin 5 sýni (BB 27-31, sjá staðsetningu á mynd 7) og bentu sáldurferlar og berggreining þessara sýna til þess að þarna mætti vinna nýtilegt steypuefni.

Eitt sýni var tekið á mótum Blöndu og Svartár (BB-32, sjá mynd 7) og bendir berggreining þess til að þar sé ekki nýtilegt steypuefni.

Einnig voru athuguð sýni frá Sandárpúfu og nágrenni (BB-1 og -6, sjá staðsetningu á mynd 3) og frá Blönduaurum SA Sandárhöfða (BA-5, sjá mynd 1) og bentu niðurstöður til þess, að hvorar tveggja þessara efnisnáma væru nýtilegar til steypuefnistöku.

1977 voru athuguð fleiri sýni af Blönduaurum (BG 51-54, sjá mynd 1). Sáldurferlar og berggreining (sjá viðauka 1) staðfesta fyrra álit að þarna sé um nothæft steypuefni að ræða.

1979 voru enn tekin mun stærri (um 150 kg) sýni af þessu sama svæði (BS-1 og -2, sjá mynd 1) og niðurstöður voru á sama veg og áður. Gallinn við Blönduauraefnið er að hlutur súrs og ísúrs bergs í sýnum er allt uppí 9%.

Sama ár voru tekin tvö stór sýni til viðbótar á Sandárpúfu (BS-8 og -9, sjá mynd 3 og viðauka I) og styrktu athuganir á þeim fyrra álit varðandi þetta efni.

Einnig voru athuguð 3 stór sýni til viðbótar af Blöndueyrum í Blöndudal (BS-60, -61, -62, sjá mynd 7 og viðauka I) og bentu þær athuganir til þess að efnið væri nýtilegt.

Loks var tekið eitt sýni í farvegi Blöndu skammt sunnan gangamunna frárennslisganga virkjunarinnar (BS-63, sjá mynd 1 og viðauka I) og benda sáldurferill og berggreining til að þetta efni sé einnig nýtilegt sem fylliefni í steinsteypu.

Ef ofangreint er dregið saman þá er ljóst að á virkjunarsvæðinu koma a.m.k. þrír staðir til greina til náms á steypuefni, þ.e. Blöndueyrar í Blöndudal, Sandárpúfa og Blönduaurar skammt SA af Sandárhöfða.

Til að kanna nánar eiginleika þessara efna voru steyptar prófblöndur (1980) úr sýnum frá hverjum þessara staða.

Af Blöndueyrum var steyppt úr blöndu sýna BS-60, -61 og -62, frá Sandárpúfu var steyppt úr blöndu BS-8 og -9 og af Blönduaurum úr BS-1 og -2.

Blöndurnar voru prófaðar á hefðbundinn hátt og niðurstöðurnar (sem sýndar eru í viðauka III) benda til þess að öll sýnin séu nothæf sem fylliefni í steinsteypu.

Alkalívirgni efnanna var einnig athuguð og til þess voru steyptir alkalístrendingar úr öllum þrem sýnablöndum. Tveir strendingar voru steypptir úr Blönduauraefninu, annar með hreinu Portland sementi og hinn með hraðsementi (5% kísilryk).

Þensla strendinganna er sýnd í töflu 1 og á línuriti 1 í viðauka III. Til viðmiðunar en sýnd, á línuriti 2 í viðauka III, áhrif líparíts og kísilryks á þenslu strendinga úr Hvalfjarðarefni, sem er mun alkalívirka en efnið frá Blöndu.

Niðurstöður þessara prófa sýna að öll sýnin eru alkalívirg, sem kemur greinilega fram í of mikilli þenslu steypustrendinganna þegar notað er Portland sement. Hins vegar þegar notað er hraðsement (með 5% kísilryki) er þenslan vel undir leyfilegum kröfum byggingareglugerðar (sýni BS-1 og -2).

Samkvæmt þessu er fylliefnið nothæft í steinsteypu sé blandað kísilryki í sementið, eða ef notað er pozzolan sement.

7 NIÐURSTÖÐUR ÞRÍÁSAPRÓFA

Í apríl 1976 kom út skýrsla um byggingarefnarannsóknir á sýnum teknum árin 1974; "Virkjun Blöndu III. Byggingarefnarannsóknir á árunum 1974-75", (OS-ROD-7627). Skýrslan var tekin saman af VST og eru þar teknar saman allar rannsóknir á BA- og BB-sýnum.

Þríasapróf voru gerð á blöndu sýna BB-9, -10 og -13 en þau voru tekin í ásnum milli Kolkuflóa og Þrístiklu (sjá sýnatökustaði á mynd 5). Skerstyrkur efnisins var ákvarðaður við það rakastig sem gaf mesta þjöppun (W_{opt}) og við mismunandi spennur. Ennfremur var þórurprýstingsstuðull (B) ákvarðaður við sömu breytur og loks var samþjöppunarstuðull blöndunnar ákvarðaður.

Þessar rannsóknir voru aðeins gerðar á þessari einu blöndu þar sem líklegt þótti að skerstyrkseiginleiki jökulruðnings á svæðinu væri svipaður.

Helstu niðurstöður prófa á mórenublöndunni eru;

Fínefnishlutfall	23-35 (%)
Kornarúmpyngd	2,98 (t/m^3)
W_{opt}	11,8 (%)
γ_{opt}^d	2,16 (t/m^3)
γ_{opt} (vot rúmpyngd við W_{opt})	2,40 (t/m^3)
Lektarstuðull við W_{opt}	1×10^{-6} (cm/s)
Mettunarstig við W_{opt}	93 (%)
Núningshorn, virkt - ϕ'	36,7 (°)
Samloðun, virk - c'	50 (kPa)
Samþjöppunarstuðull - c_v	20 ($cm^2/mín$)
Þórurprýstingsstuðull B við W_{opt} og γ_{opt}^d	0,2-0,5
Þórurprýstingsstuðull B við W_{opt} + 1%	0,6-0,8

Ekki þykir ástæða til að rekja nánar framkvæmd og niðurstöður þessara prófa heldur vísað í fyrrnefnda skýrslu.

HEIMILDASKRÁ

Ágúst Guðmundsson & Birgir Jónsson 1979: Blönduvirkjun. Jarðfræðirannsóknir 1974-1978. Framvinduskýrsla. Orkustofnun, OS-79024, 171 s.

Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson 1973: Stutt bráðabirgðaskýrsla um jarðfræðirannsóknir í Blöndudal og á Auðkúluheiði sumarið 1973. Handrit í vörslu Vatnsorkudeildar Orkustofnunar, 13 s.

Ingibjörg Kaldal & Skúli Víkingsson 1980: Blönduvirkjun. Jarðgrunnskort af lónstæði. 1:50.000. Orkustofnun.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1975: Rannsókn H74/671, Steypu- og stífluefni vegna virkjanarannsókna í Jökulsá í Skagafirði og Blöndu í Húnavatnssýslu.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1980a: Rannsókn H79/872, Jarðefnissýni vegna Blönduvirkjunar. Áfangaskýrsla 1.


Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 1980b: Rannsókn H80/371, Jarðefnissýni vegna Blönduvirkjunar. Áfangaskýrsla 2.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. 1975: Virkjun Blöndu I. Frumáætlun um 135 MW virkjun. Orkustofnun, OS-ROD-7521, 82 s.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. 1976: Virkjun Blöndu III. Byggingarefnarannsóknir á árunum 1974-75, Orkustofnun, OS-ROD-7627, 13 s.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. 1982: Blönduvirkjun, Verkhönnun. (Skýrslan mun koma út snemma ársins 1982).

MYNDIR



- SKYRINGAR:**
- Sýnatöku-gryfja
 - ⊕ Kjarnabornala
 - Loftborshala
 - R Stöðseining þversenda og rúðgerð stíflustæði
 - R Návæm stöðseiningarkort
 - R Sýnatöku-gryfja
 - ▨ Möguleg gróðmáttssvæði


- HELSTU EFNISNAMUR:**
- ▨ Kjarnefni
 - ▨ Sjefni
 - ▨ Stöðfylling
 - ▨ Gröfvarn
 - ▨ Kjarni og stöðfylling
 - ▨ Sía og stöðfylling
 - ▨ Sía og steypufeni
 - ▨ Sía, stöðfylling og steypufeni



1:50 000

BLÖNDUVIRKJUN

Yfirflitskort. Stöðseining sérkort,
efnisnáma og sýnatöku-staða
(utan sérkort)




VOD-MJ-630-BAH-SZ-BJ
81.09.1117 - GSI

ORKUSTOFNUN
 BLÖNDUVIRKJUN
 Staðsetningarkort byggingarefnissýna
 kort OS 3652 bl.01 og 02.

80.06.05	B-286
BAH/BJ/00	F. 19716


Síð skyringar á mynd 1







JHD-MJ-630-BAH/BJ
80.06.F.19712.'0D


MYND 3



BLÖNDUVIRKJUN
Byggingarefnissýni,
Staðseiningarkort
Kort OS 3652 blað 01
Sjá skýringar á mynd 1







MYND 5

Síð skýringar
á mynd

ORKUSTOFNUN

BLÖNDUVIRKJUN

Staðsetningarkort byggingarfræðisefna


Kort OS 3652 blöð 11 og 12

80.06.05

B-286

F.19714

BAH/BJ/00



ORKUSTOFNUN
 BLÖNDUVIRKJUN
 Staðseiningarkort, byggingarefmissýna
 Kart OS 3654 bl. 22
 80.06.05 B-286 E 19715

Sjá skýringar á mynd 1.

Gilsd


Edsraabunga

Mynd 6

Atréttargirðing

Heygarðsstíði


Heygarðsstíði



ORKUSTOFNUN		80.06.05.
1:10.000	BLÖNDUVIRKJUN	BAH/BJJ/00
5 m	Staðsetningarkort	B-286
STEKKUN ÚR 1:20.000		F.19713
AF KORTBLADI		

Skýringar:
 BS-21 ● Synatökustaður
 A B Jarðsvæiflumælingar frá 1974

OSVOD-MJ-BAH
81.06.0692



SKÝRINGAR:

- | | |
|---------------|---------------------|
| ① Kjarni | Ónefnd mátt eru m |
| ② Sía | Hæðartölur eru mys. |
| ③ Stoðfylling | |
| ④ Grjótvörn | |
| ⑤ Sía | |

MYND 8

Dæmigert þversnið jarðstíflu (tekið lítt breytt úr skýrslu VST, Virkjun Blöndu I).



VOD-MJ-900-BAH
81.05.0621-GSJ

Mynd 9



VOD-MJ-63I-BAH
81.06.0667-GSJ

Rannsókn nr.


KORNASTÆRÐAGREINING

Verkefni Blönduvirkjun, stífla við Reftjarnarbungu Framkv. af

Efnistokustaður Kjarni; stíflusvæði Blöndu Sía; Blönduaurar og Sandárþúfa og nágr.

Númer sýnis Kjarni; BS-19, 21, 23, 25-34, 36-40. BB-15, BG-9, 11, 20, 21, 24
Sía; Blönduaurar (BG-51-54, BA-5, BS-1, 2) Sandárþúfa (BG-30, 31, 33, BB-1a, 1c, 6, BS-8, 9).

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergetni :

Rannsókn nr.

KORNASTÆRÐAGREINING


Dags.....

Verkefni... Blönduvirkjun , stífla í Kolkukvísl Framkv. af

Efnistökuastaður.. Kjarni; stíflusvæði Kolkukvíslar. Sía; Blönduaurar

Númer sýnis.. Kjarni; BB-9,10,13. BG-5,6,43. BS-10,11,12,13,14,15,16.
Sía; Blönduaurar og Sandárþúfa

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergefni :

VOD-MJ-900-BAH
8I.05.0621 - GSJ

Mynd 11

VOD-MJ-631-BAH
8I.06.0667 - GSJ

Rannsókn nr.

KORNASTÆRÐAGREINING


Dags.....

Verkefni.. Blönduvirkjun, stífla við Galtarárflóa..... Framkv. af

Efnistökuastaður.. Kjarni; Galtarárflói..... Sía; Blönduaurar.....

Númer sýnis.. Kjarni; BG-50 Sía; BA-5. BG-51-54. BS-1,2.....

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergefni :



VOD-MJ-900-BAH
81.05.0621 - GSJ

Mynd 12



VOD-MJ-631-BAH
81.06.0667 - GSJ

Rannsókn nr.

KORNASTÆRÐAGREINING

Dags.


Verkefni... Blönduvirkjun, stífla við Smalatjörn Framkv. af

Efnistökuastaður... Nágr. Smalatjarnar

Númer sýnis... Kjarni; BB-18,19,20

Sía; BB-21. BS-40,41,42,43,44. (Fannlækjarefni)

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergefni :

Rannsókn nr.

KORNASTÆRÐAGREINING


Dags.

Verkefni... Blönduvirkjun, stífla í Gilsá (inntakslón) Framkv. af

Efnistökuastaður... Sía; Blöndueyrar. Kjarni; stífluvæði Gilsár.....

Númer sýnis... Kjarni; GB-3,5,6,7,9,10,12. BS-57,58,59. BB-24,26.
Sía; BB-30-31. BS-62

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergefni :



VOD-MJ-900-BAH
81.05.0621 - GSJ

Mynd 14



VOD-MJ-631-BAH
81.06.0667 - GSJ

Rannsókn nr.

KORNASTÆRÐAGREINING

Dags.


Verkefni Blönduvirkjun, stífla norðan A-Friðmundarvatns Framkv. af

Efnistökuastaður Kjarni; norðan A-Friðmundarvatns. Sía; Blönduaurar, Fannlækur

Númer sýnis Kjarni: BS-46,47,48,50,51,52

Sía; Blönduaurar. BB-21, BS-40-44 (Fannlækjarefni)

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergefni :

VOD-MJ-900-BAH
81.05.0621-GSJ

Mynd 15

VOD-MJ-631-BAH
81.06.0667-GSJ

Rannsókn nr.

KORNASTÆRÐAGREINING


Dags.

Verkefni... Blönduvirkjun, stífla í Fellaflóa Framkv. af

Efnistökuastaður... Fellaflóasvæði

Númer sýnis... Kjarni; BS-5,6. BG-42
Sía; BB-3,4. BS-3,4.

Efni	Kornarúmp. t/m ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófleikatala



Bergefni :


VIÐAUKI I

Sáldurferlar allra sýna
og þjöppunarferlar sýna
frá 1974 (BB-sýni)

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkf. Sig. Thor. Dags. 74-09-25
Vegna virkjana í Skarafiði Framkv. af GÓ
Náma B.A-3
Sendandi

Efni	Kornarðmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala
				5%	




Raki: 4%

Línurit 83

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkf. Sig. Thor. Dags. 74-09-25
Vegna virkjana í Skarafiði Framkv. af GÓ
Náma B.A-4
Sendandi

Efni	Kornarðmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala
			0-1	7%	




Línurit 84

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkf. Sig. Thor. Dags. 74-09-25
Vegna *Blöndu* Framkv. af GÓ
Náma B.A-5
Sendandi

Efni	Kornarðmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala
			0	2%	




Línurit 85

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-08-28
 Vegna virkjana í Blöndu Framkv. af GÓ
 Náma BB-1a
 Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðeikatala
Steypuefni			0	6.2%	

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm	0.074	0.125	0.25	0.5	1	2	4	8	16	32	64
0											

Bergetal:

Sk. 3013 JV 17410000


Línurit 47

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-12-10
 Vegna virkjana í Blöndu Framkv. af GÓ
 Náma BB-1b
 Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðeikatala
Steypuefni			0	3.5%	

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm	0.074	0.125	0.25	0.5	1	2	4	8	16	32	64
0											

Bergetal:

Sk. 3013 JV 17410000


Línurit 33

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-12-10
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma BB-1c
 Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðeikatala
Steypuefni			0	3.6%	

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm	0.074	0.125	0.25	0.5	1	2	4	8	16	32	64
0											

Bergetal:

Sk. 3013 JV 17410000


Línurit 34

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-12-10
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma BB-1d
 Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðeikatala
Steypuefni			0	3.6%	

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm	0.074	0.125	0.25	0.5	1	2	4	8	16	32	64
0											

Bergetal:


Sk. 3013 JV 17410000

Línurit 82

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-12-12
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma BB-2
Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala




Línurit 35

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-12-05
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma BB-3
Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala
			0	4	




Línurit 36

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-08-28
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af SI og GÓ
Náma BB-4
Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala
			0	3.8%	




Línurit 37

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-08-28
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af SI og GÓ
Náma BB-5
Sendandi

Efni	Kornarúmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðeikatala
			0-1	5.8%	



Línurit 38

Rannsókn á kornastærðum



ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Daga 74-12-10
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÐ
Náma BB-7
Sendandi

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-7, kornast. < 3/4"
Vegna virkjana í Blöndu

Efni	Kornarmþ. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðakatala

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettíma:	
Rámmál mót: 0.956 dm ³			Mettun (S) 100 %	Kornarmþyngd (C) 2996 kg/m ³
Raki %	Þyngd í mót, g.	Rámpyngd kg/m ³	Raki % (w)	Rámpyngd = $\frac{C}{(1+w/2)}$ kg/m ³
7.7	2080	2020	10	2308
10.4	2145	2032	15	2069
13.0	2285	2115	20	1875
* niðg blautt				



Línurit 40

Rannsókn á kornastærðum



ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Daga 74-12-12
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af
Náma BB-8
Sendandi

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-8, kornast. 3/4"
Vegna virkjana í Skagafirði

Efni	Kornarmþ. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðakatala

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettíma:	
Rámmál mót: 0.956 dm ³			Mettun (S) 100 %	Kornarmþyngd (C) 2974 kg/m ³
Raki %	Þyngd í mót, g.	Rámpyngd kg/m ³	Raki % (w)	Rámpyngd = $\frac{C}{(1+w/2)}$ kg/m ³
11.6	2025	1898	10	2289
14.2	2160	1979	15	2068
16.0	2200	1984	20	1883
* niðg blautt				




Línurit 42

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-08-28
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af SI og GÓ
Náma BB-9

Efni	Kornarömp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðfelkatala
Fyllingarefni					
Raki: 12%					

U.S. Standard No.



Mókvastærð mm

Bergefni:

BSL 2013 AF 17410000


Línurit 44

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-09-18
Vegna *Bíöndu* virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma BB-6

Efni	Kornarömp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðfelkatala
			0	1%	

U.S. Standard No.



Mókvastærð mm

Bergefni:

BSL 2013 AF 17410000


Línurit 39

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Sýnishorn BB-9, kornast. < 3/4"
Vegna virkjana í Skagafirði

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettilna:	
Römmálf mót: 0.956 dm ³			Metun (S) 400 %	Kornarömpygnd (C) 2360 kg/m ³
Raki %	Þyngd í móti, g.	Römpygnd kg/m ³	Raki % (w)	Römpygnd = $\frac{C}{(1+w/2)}$ kg/m ³
8.7	2185	2109	5	2578
10.6	2245	2123	10	2284
X 11.5	2158	2158	15	2051
X mjög hlautt				

BSL 2016 AV24000



Línurit 45


RAKI - %

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrest. Sig. Thor. Dags. 74-12-12
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma BB-10

Efni	Kornarömp. kg/dm ³	Mettivata %	Humus	Slam	Gróðfelkatala

U.S. Standard No.



Mókvastærð mm

Bergefni:

BSL 2013 AF 17410000


Línurit 46

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-12-12
Vegna virkjana í skapafarði Framkv. af 33
Náma BB-11
Sendandi

Efni	Kornarmb. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala

U.S. Standard No.



Mókvastærð mm

Bergetal:

BSL 2013 AF 1741000


Línurit 48

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-12-10
Vegna virkjana í skapafarði Framkv. af 33
Náma BB-12
Sendandi

Efni	Kornarmb. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala

U.S. Standard No.



Mókvastærð mm

Bergetal:

BSL 2013 AF 1741000


Línurit 50

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-11, kornast. <3/4"
Vegna BB-11

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettillna:	
Rúmmál móts:	0.956	dm ³	Mettun (S)	100 %
			Kornarmþyngd (G)	2950 kg/m ³
Raki %	Þyngd í móti, g	Rúmþyngd kg/m ³	Raki % (w)	Rúmþyngd = $\frac{C}{1+w/65}$ kg/m ³
6.8	2135	2091	5	2571
8.5	2203	2124	10	2278
9.5	2325	2221	15	2046

BSL 2016 A V021000



Línurit 49


RAKI-%

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-12, kornast. <3/4"
Vegna virkjana í skapafarði

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettillna:	
Rúmmál móts:	0.956	dm ³	Mettun (S)	100 %
			Kornarmþyngd (G)	2967 kg/m ³
Raki %	Þyngd í móti, g	Rúmþyngd kg/m ³	Raki % (w)	Rúmþyngd = $\frac{C}{1+w/65}$ kg/m ³
5.5	2045	2028	5	2586
9.2	2150	2050	10	2289
*10.7	2250	2120	15	2056
* mjög blautt				

BSL 2016 A V021000




Línurit 51

RAKI-%

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-08-28
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af SI og GÓ
 Náma BB-13
 Sendandi

Efni	Kornarmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófseiktala



Mókvastærð mm	% Þyngd
200	
100	
50	
30	
16	
8	
4	
2	
1	
0.75	
0.5	
0.25	
0.125	


Bergfni: BIL 2013 AF 1741000

Línurit 52

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-08-12
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma **BB-14A**
 Sendandi

Efni	Kornarmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Grófseiktala



Mókvastærð mm	% Þyngd
200	
100	
50	
30	
16	
8	
4	
2	
1	
0.75	
0.5	
0.25	
0.125	


Bergfni: **Fokermold** BIL 2013 AF 1741000

Línurit 54

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-13, kornast. < 3/4"
 Vegna virkjana í Skagafirði

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettílna: Mettan (S) 100 % Kornarmþyngd (G) 3016 kg/m ³	
Raki %	Þyngd í móti, g.	Rómþyngd kg/m ³	Raki % (w)	Rómþyngd = $\frac{C}{(1+wG/8)}$ kg/m ³
9.7	2060	1954	10	2320
10.4	2100	1997	15	2079
12.5	2245	2036	20	1883
mjög blautt				




Línurit 53 RAKI-%

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-14A, kornast. < 3/4"
 Vegna virkjana í Skagafirði

Tegund þjöppunar: St. proctor			Mettílna: Mettan (S) % Kornarmþyngd (G) 2457 kg/m ³	
Raki %	Þyngd í móti, g.	Rómþyngd kg/m ³	Raki % (w)	Rómþyngd = $\frac{C}{(1+wG/8)}$ kg/m ³
51.7	1463	1008	50	1102
			55	1045
56.1	1430	995	60	993




Línurit 55 RAKI-%

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-12-12
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma Þ.Þ.-14.B
 Sendandi

Efni	Kornardmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala



Mókvæðing mm

Bergföni:


Sk. 2012 ÁV 17410000

Línurit 56

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thoroddsen Dags. 74-09-20
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma Ömerkt 1 (vantanlega BÞ efni) BÞ-17 son 18.
 Sendandi

Efni	Kornardmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala



Mókvæðing mm

Bergföni:


Sk. 2012 ÁV 17410000

Línurit 86

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-09-25
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma DÞ-19
 Sendandi

Efni	Kornardmp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala



Mókvæðing mm

Bergföni:

Sk. 2012 ÁV 17410000


Línurit 61

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýniál. nr. B-19, kornast. 3/4"
 Vegna virkjana í Skagafirði

Tegund þjöppunar: st. proctor			Mett. sm: Mett. α (S) 100 % 2996 kg/m ³	
Rámmál móts: 0.956 dm ³	Rámmýngd (C) 2996 kg/m ³	Rámmýngd = $\frac{C}{(1+wC/9)}$ kg/m ³	Ráki % (w)	Rámmýngd = $\frac{C}{(1+wC/9)}$ kg/m ³
8.7	2067	1989	15	2308
11.4	2212	2077	15	2069
x 13.0	2280	2111	20	1875
x mjög blautt				

Sk. 2012 ÁV 17410000



Línurit 62


RAKI - %

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-09-30
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma B.S.-20

Efni	Kornarömp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm									


Bergetal: Raki: 16%

Línurit 63

ÞJÖPPUNARPRÓF

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Sýnishorn BB-20, kornast. 3/4"
Vegna virkjana í Skagafirði

Raki %	Þyngd í móti, g.	Römpþyngd kg/m ³	Raki % (w)	Römpþyngd = $\frac{C}{(1+wG/S)}$ kg/m ³
5.9	2002	1978		
11.4	2119	1990	15	2088
14.7	2131	1943	20	1891
17.2	2142	1912	25	1728
x 19.5	2147	1879		



Línurit 64


RAKI-%

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfræðistofu Sig. Thor. Dags. 74-12-14
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma Ömerkt II BB-17 EDA 18.

Efni	Kornarömp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm									

Bergetal: Raki: 16%


Línurit 87

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-09-25
Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
Náma B.S.-21

Efni	Kornarömp. kg/dm ³	Mettivatn %	Humus	Slam	Gróðekatala

U.S. Standard No.



Mókvæðir mm									


Bergetal: Raki: 16%

Línurit 65

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-12-10
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af GÓ
 Náma B.B.-22
 Sendandi

Efni	Kornarmþ. kg/dm ³	Metivata %	Humus	Slam	Grófsíkatla



Mókvastærð mm												

Borgarfni:


Sk. 2013 AF 17410000

Línurit 66

Rannsókn á kornastærðum

Fyrir Verkfrst. Sig. Thor. Dags. 74-09-20
 Vegna virkjana í Skagafirði Framkv. af
 Náma B.B.-23
 Sendandi

Efni	Kornarmþ. kg/dm ³	Metivata %	Humus	Slam	Grófsíkatla



Mókvastærð mm												

